

## Ágúst Einarsson

### **Þetta er allt verkfræðingum að þakka**

Það eru verklegar framkvæmdir sem stuðla að verslun sem gera þjóðfélag manna lífvænlegt. Rómaríki til forna einkenndist af mikilli verslun, góðum vegum, aðgengilegum höfnum og afkastamiklum vatnsleiðslum. Sum þessara mannvirkja eru nothæf enn þann dag í dag þótt þau séu að stofni til meira en 2.000 ára gömul.

### **Verkþekking kom fyrst með verkfræðingum**

Á Íslandi urðu engar umtalsverðar verklegar framkvæmdir fyrr en á 20. öld. Menn þekktu þó verkfæri, handverk og vegakerfi frá Kaupmannahöfn en hér voru hvorki til vegir né hafnir fyrr en mörgum öldum eftir að slíkt varð almenningseign í nágrennalöndunum.

Verkfræðingar hafa lyft Grettistaki á Íslandi og miklu meiru en fólk almennt áttar sig á. Almennilegar hafnir urðu ekki til fyrr en verkfræðingar tóku forustuna og það sama á við um virkjanir og vegi. Það var ekki augljóst í upphafi hvar höfnin ætti helst að vera. Hugmyndir voru um að hún yrði í Tjörninni eða þar sem nú er Austurvöllur. Einar Benediktsson skáld vildi að höfnin yrði byggð í Skerjafirði. Það var norskur verkfræðingur Gabriel Smith sem fyrstur lagði til núverandi hafnarstæði gömlu hafnarinnar. Verkfræðingar hafa allar götur síðan ráðið mestu um þróun Reykjavíkurhafnar.

Verkfræðingum hefur þó ekki verið þakkað neitt sérstaklega fyrir allar þær verklegu framfarir sem má rekja beint til þeirra starfa. Ekki veit ég hvort verkfræðingar séu hógværi en aðrar menntastéttir en þó eru margir verkfræðingar sem flíka ekki verkum sínum. Slíkt látleysi hefur verið áberandi í þróun Reykjavíkurhafnar.

### **Það hefur alltaf þurft frumkvöðla**

Knud Zimsen, hinn mikli framfaramaður og borgarstjóri, var verkfræðingur og það setti svip sinn á stjórnartíma hans. Sama gildi um Jón Þorláksson sem var einnig borgarstjóri og verkfræðingur. Tveir aðrir verkfræðingar hafa gegnt borgarstjórastöðu í Reykjavík, þeir Egill Skúli Ingibergsson og Þórólfur Árnason núverandi borgarstjóri.

Reykjavíkurhöfn er eitt glæsilegasta fyrirtæki eða stofnun landsmanna, nútímanleg og hagkvæm. Það er enginn vandræðagangur í kringum höfnina og eins og oft er um opinber fyrirtæki. En slíkt gerist ekki af sjálfum sér. Það þurfti frumkvæði manna, m.a. með menntun á sviði verkfræði, til að leysa þau vandamál sem óblíð náttúra olli okkur. Rekstur Reykjavíkurhafnar hefur alla tíð verið á faglefum forsendum, verkfræðilegum og flutningafræðilegum. Sú leið hefur reynst farsæl fyrir höfnina og alla landsmenn.

**Höfundur er prófessor og deildarforseti Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands**